

Brúarsmiðir og tvítýngisráðgjafar **Miðju máls og læsis** bjóða upp á margskonar þjónustu fyrir starfsmenn SFS, nemendur og foreldra um tví- og fjöltyngi í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. Boðið er upp á stutt erindi, námskeið, fræðslufundi, vinnufundi og ráðgjöf með eftirfylgd. **Hægt er að senda beiðni og fyrirspurnir á kriselle@reykjavik.is; magdalena.elisabet.andresdottir@reykjavik.is eða mml@reykjavik.is**

Þjónusta brúarsmiða fyrir starfsmenn Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna COVID-19 takmarkana á fundum eða í gegnum Teams eða Google

Ráðgjöf og eftirfylgd brúarsmiða á teymisfundum vegna einstakra barna í leik- og grunnskólum. Leita skal leiða til að finna viðeigandi fundarstaði annars getur þetta farið fram með símtölum eða fjarfundum á Teams eða Google.
Tímalengd: eftir samkomulagi

Fjöltyngi og íslenska í skólastarfi Fræðsla fyrir kennara og fagfólk leik-, grunnskóla og frístundar um málstefnur, tegundir af fjöltyngi og samskipti við fjöltyngda nemendur og foreldra þeirra.
Tímalengd: 90 mín eða eftir samkomulagi

Fjöltyngi og íslenska í skólastarfi Fræðsla fyrir leik- og grunnskólaliða sem og stuðningsfulltrúa um fjöltyngi, fjölmenningu og hlutverk starfsmanna í málstefnu skólans.
Tímalengd: 90 mín eða eftir samkomulagi

Önnur verkefni brúarsmiða vegna einstaklinga eða hópa barna eru eftir samkomulagi: t.d. stuðningur í samskiptum við foreldra, viðtal við námsráðgjafa eða sérfræðinga, heimsóknir í bekkinn eða deildina o.fl.

Facebook síða MML: <https://www.facebook.com/Midjamalsoglaesis>

Millimenningarfræðsla MML um Pólland og pólska menningu, Filippseyjar og filippseysk mál og tungumál og menningu Rómabólks <http://mml.reykjavik.is/bruarsmidi/>

Þjónusta brúarsmiða við foreldra tví- og fjöltyngdra barna vegna COVID-19 takmarkana í gegnum síma, Teams eða Google

Foreldrafræðsla um íslenskt skólakerfi, íslensku sem annað mál, tvítýngi - Tengiliður skipuleggur, finnur dagsetningu, afhendir boðsbréf til foreldra og sendir glærurnar til foreldra eftir fræðsluna (t.d. í gegnum Mentor)
Tímalengd: 90 mín
Leiðbeinendur: Brúarsmiðir og skólastjóri eða tengiliður skólans
Teams eða Google mögulegt

Ráðgjöf brúarsmiða á foreldradegi skólans. Boðið er upp á heimanámsráðgjöf og samtal um ýmislegt sem viðkemur námi og frístund barna. Leita skal leiða til að finna viðeigandi fundarstað innan skólans annars getur samtalið farið fram í gegnum síma eða í fjarfundi á Teams eða Google.

Einstaklingsráðgjöf brúarsmiða vegna skóla- og frístundastarfs í Reykjavíkurborg fyrir foreldra. Ráðgjöfin fer fram á filippseysku, pólsku, íslensku og ensku. Boðið er upp á heimanámsráðgjöf og samtal um ýmislegt sem viðkemur námi og frístund barna. Ráðgjöfin fer fram í gegnum síma, Teams eða Google.

Facebookhópar brúarsmiða fyrir upplýsingar vegna leik-, grunnskóla og frístunda

- á pólsku/íslensku: <https://www.facebook.com/groups/457285701147086/>
- á ensku/íslensku: <https://www.facebook.com/groups/EnglishMML/>
- á filippseysku/íslensku: <https://www.facebook.com/groups/FilipinoMML>